LJÓSMYNDAVERKEFNI Á ÞREMUR SKJALASÖFNUM
ÁFANGASKÝRSLA
SEPTEMBER 2013

Héraðsskjalasafn Austfirðinga
Héraðsskjalasafn Árnesinga
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Ritstjórn: Bára Stefánsdóttir, Unnar Ingvarsson
og Þorsteinn Tryggvi Másson.

Allar ljósmyndir eru teknar af starfsmönnum
héraðsskjalasafnanna nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd er af skrúðgöngu á Sauðárkróki.
Börn ganga frá barnaskólanum að nýbyggðri
sundlaug árið 1956. Ljósmyndari Kristján C.
Magnússon KMC 3.

Inngangur

Haustið 2010 sóttu Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Héraðsskjalasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga sameiginlega um styrk frá Alþingi til að vinna að skönnun og skráningu ljósmynda í skjalasöfnunum og gera þær aðgengilegar almenningi. Styrkurinn sem sótt var um, og fékkst frá Alþingi, var sem svaraði til upphæðar fullra atvinnuleysisbóta auk launatengdra gjalda fyrir sex stöðugildi, tvö á hverju safni í eitt ár. Sveitarfélög sem að söfnunum standa styrktu verkefnið og greiddu viðbótarkostnað vegna launa, vinnuaðstöðu, hugbúnaðarkaupa o.s.frv.

Vinna hófst þegar í byrjun árs 2011 með ráðningu starfsfólks og skipulagningu verkefnisins en söfnin gerðu með sér samstarfssamning í janúar 2011. Skjalasöfnin festu öll kaup á FotoStation hugbúnaði til að skrá og miðla ljósmyndasöfnunum á vefsíðum. Við val á hugbúnaði var m.a. leitað í smiðju Þjóðminjasafns Íslands og Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Jafnframt var aflað upplýsinga um viðurkennda staðla sem notaðir eru við skráningu ljósmyndasafna, gæði skönnunar og varðveislu myndanna til framtíðar.

Undir lok árs 2011 var sótt um framhaldsstyrk til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Varð niðurstaðan sú að verkefnið fékk 15,0 m.kr.,- á fjárlögum ársins 2012 og á fjárlögum fyrir árið 2013 fékkst einnig styrkur til að halda verkefninu áfram.

Verkáætlun 2013 – markmið

Í samræmi við reglur mennta- og menningarmálaráðuneytis gerðu söfnin með sér samstarfssamning í upphafi árs 2013 og gerðu samkomulag um skönnun, skráningu og frágang ljósmynda. Meðal helstu atriða þess samnings má nefna eftirfarandi:

1. Söfnin hafa með sér reglulegt samráð um aðferðir við skönnun og skráningu ljósmynda, með það að markmiði að einfalda leitarbærni ljósmynda sem birtar verða á Netinu. Á árinu 2013 verður einkum litið til atriða sem varða efnisorða flokkun ljósmynda og samræmingar í því augnamiði að geta í framtíðinni gert ljósmyndasöfnin leitarbær í einum leitarglugga.
2. Söfnin leitast við að afla sér sameiginlegrar þekkingar á uppbyggingu ljósmyndagagnagrunna og hafa starfsmenn þeirra með sér reglulega fundi til að samræma aðgerðir eftir því sem við á. Þá leitast söfnin við að auka samstarf við aðra aðila sem varðveita ljósmyndir á Íslandi.
3. Söfnin og starfsmenn þeirra munu leitast við að aðstoða hvert annað við að bera kennsl á myndefni, eftir því sem þekking viðkomandi safna nær til.
4. Söfnin þrjú munu byggja upp gagnagrunna hvert á sínu svæði, en með birtingu ljósmyndanna á Netinu að markmiði. Jafnframt munu söfnin standa sameiginlega að kynningu á verkefninu.
5. Verkefni þetta hefur hlotið 15,0 m.kr. framlag af fjárlögum ársins 2013. Söfnin munu skipta þeim fjármunum jafnt á milli sín.

Stefán Friðleifsson keppir í hástökki á Selfossi. Úr safni UÍA. Ljósmyndari óþekktur.

Helstu markmið voru:

1. Við árslok 2013 verði heildarfjöldi skannaðra mynda á söfnunum þremur um 180.000.
2. Í árslok 2013 verði um 120.000 myndir fullskráðar.
3. Opinber birting á netinu.

Ástand mynda, aldur og heimildavinna hverskonar ræður mestu um gæði bæði skönnunar og skráningar. Samkvæmt upplýsingum frá Ingu Láru Baldvinsdóttur forstöðumanni Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni Íslands, og viðmiðunartölum þess safns og í erlendri úttekt, er áætlað að starfsmaður í 100% starfi skanni og skrái 3.960 ljósmyndir á ársgrundvelli. Þegar er ljóst að skjalasöfnin munu ná markmiðum sínum þegar horft er til fjölda skannaðra og skráðra ljósmynda á yfirstandandi ári. Stað- og söguþekkingu þeirra sem vinna að skráningu á skjalasöfnunum, hefur leitt til meiri afkasta en viðmiðun Ljósmyndasafns Íslands segir til um, auk þess sem gott aðgengi að ljósmyndurum, ættingjum þeirra og íbúum á hverjum stað gera skráningu mun auðveldari en ella. Þá er myndvinnsla, s.s. viðgerð á myndum takmörkuð eins og kostur er.

Samstarf safnanna vegna verkefnisins hefur verið með mesta móti á yfirstandandi ári. Söfnin hafa lagt áherslu á skráningu, leitarbærni í gagnagrunnum, gagnaöryggi og miðlun. Starfsmenn þeirra hafa kynnt verkefnið á fundum Félags héraðsskjalavarða, á fundi með starfsmönnum Þjóðskjalasafns Íslands og reynt að tryggja eftir megni markvissa upplýsingagjöf til allra þeirra sem áhuga hafa á verkefninu. Þá hefur verkefnið verið kynnt sérstaklega hjá nokkrum sveitarfélögum utan starfssvæða safnanna. Rætt hefur verið við forsvarsmenn Þekkingar ehf. um hönnun á samræmdu útliti sem gæti nýst þessum þremur söfnum sem og öðrum, sem hyggjast nota FotoStation forritið við skráningu og FotoWeb við birtingu ljósmynda.

Frá Alþingishátíðinni 1930. Þetta er ein af mörgum myndum úr merku ljósmyndasafni Jóns Sigurðssonar í Hrepphólum í Hrunamannahreppi. Ljósmyndari: Jón Sigurðsson 2009/74 JSH_00152.

Starfsmenn, starfshlutfall og kostnaður

Vinna við verkefnið hófst í byrjun árs á öllum söfnunum. Forstöðumenn safnanna og fastráðnir starfsmenn lögðu mikla vinnu í undirbúning og fjöldi fólks kom að því að bera kennsl á myndir og undirbúa þannig skráningu.

Allir starfsmenn verkefnisins hafa skriflega ráðningarsamninga. Verkefni þeirra eru í meginatriðum tvíþætt:

1. Skönnun, litgreining og frágangur á filmum og pappírskópíum, en þá er gengið frá filmum og pappírsmyndum í sérstakar umbúðir m.t.t. langtímavarðveislu.
2. Skráning, öflun upplýsinga og heimildavinna vegna skráningar á ljósmyndum.

Umsjón og skipulagning er í höndum fastráðinna starfsmanna skjalasafnanna og forstöðumanna þeirra.

Fjöldi starfsmanna og kostnaður vegna verkefnisins hefur verið með eftirfarandi hætti:

A) Í Héraðsskjalasafni Austfirðinga:

Þrír starfsmenn vinna við verkefnið á árinu 2013:

Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir	100% starf í 7 mánuði	skönnun, vefsíðugerð.
Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir	50% starf í 12 mánuði	skráning mynda.
Magnhildur Björg Björnsdóttir	25% starf í 12 mánuði	skráning og skönnun mynda.

Heildarkostnaður á árinu 2013 er áætlaður 6,6 m.kr. Stærstur hluti þess kostnaður er vegna launa og kaupa á vefhugbúnaði. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi undir sér, en tekjur þess eru einnig 6,6 m.kr. Af þeim koma 5,0 m.kr. sem framlag frá ríkinu, en 750 þús.kr. koma bæði frá Fljótsdalshéraði og frá Fljótsdalshreppi og loks 100 þús. kr. frá UÍA.

Systkinin frá Miðengi í Grímsnesi ásamt ferðafélögum á 3. eða 4. áratug 20. aldar. Ljósmyndari óþekktur. 2000/6 ME_01442.

B) Í Héraðsskjalasafni Árnesinga:

Tveir starfsmenn hafa verið ráðnir sérstaklega vegna verkefnisins á þessu ári.

Guðlaug Jóna Helgadóttir	100% starf	ljósmyndaskönnun og skráning.
Jóhann Ólafur Sigurðsson	100% starf	ljósmyndaskönnun og skráning.

- Annar starfsmannanna var ráðinn af atvinnuleysisskrá en hinn nýútskrifaður úr BA námi í sagnfræði við Háskóla Íslands. Auk þess hafa fastir starfsmenn safnsins unnið að verkefninu, þ.e. Sævar Logi Ólafsson skjalavörður sinnt þessu verkefni í 15% starfi frá 1.1.2013 (yfirumsjón með tæknilegum þáttum, skönnun og skráningu o.fl.) og Þorsteinn Tryggvi Másson héraðsskjalavörður í 15% starfi frá 1.1.2013 (yfirumsjón og stjórnun).

Áætlaður heildarkostnaður vegna þessa á árinu 2013 er 9,2 m.kr., og er stærstur hluti þess vegna launagreiðslna, en við bætist kostnaður vegna vefsíðu, ljósleiðaratengingar og endurnýjunar á stofnbúnaði. Kostnaður við verkefnið er hærri þegar horft er til launakostnaðar fastráðinna starfsmanna, húsnæðis, opnun vefsins www.myndasetur.is. o.s.frv. Gert er ráð fyrir því að verkefnið standi undir sér, en auk 5,0 m.kr. framlags ríkisins leggur sveitarfélagið Árborg til um 2,6 m.kr., Menningarráð Suðurlands 1,1 m.kr. og Héraðsskjalasafn Árnesinga/Minningarsjóður Helga Ívarssonar 500 þús.kr.

C) Í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga:

Safnið hefur á árinu 2013 ráðið fimm starfsmenn sérstaklega vegna verkefnisins en auk þess hafa þrír fastráðnir starfsmenn safnsins unnið að verkefninu sem hluta af sínum föstu vinnuskyldum. Leitað var samstarfs við Atvinnuleysistryggingasjóð vegna ráðningar tveggja starfsmanna í alls 1,3 stöðugildi og félagsþjónustu Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna eins starfsmanns í 10% starfi.

Ingunn Jónsdóttir	80% starf	ljósmyndaskönnun og skráning.
Rökkvi Sigurlaugsson	60% starf	ljósmyndaskönnun og skráning.
Sigurdríf Jónatansdóttir	50% starf	ljósmyndaskönnun og skráning.
Unnar Ingvarsson	40% starf	yfirumsjón- tæknilegir þættir – ljósmyndaskráning.
Guðrún Rafnsdóttir	20% starf	ljósmyndaskráning.
Gísli Þór Ólafsson	10% starf	ljósmyndaskráning.
Dagur Gíslason	10% starf	ljósmyndaskráning.
Kristín Jónsdóttir	10% starf	ljósmyndaskráning.

Áætlaður heildarkostnaður vegna verkefnisins á árinu 2013 er 8,4 m.kr., en þó má fullyrða að kostnaður vegna verkefnisins sé í raun mun hærri, þar sem fastir starfsmenn safnsins vinna að verkefninu í sínum daglega vinnutíma.

Skönnun og skráning ljósmynda - samantekt

Þann 1. september 2013 er búið að skanna samtals 195.404 ljósmyndir og skrá upplýsingar um 140.600 myndir á héraðsskjalasöfnunum þremur sem standa að verkefninu.

- Í byrjun september á síðasta ári var búið að skanna 116.053 myndir og skrá upplýsingar um 81.828 þeirra, en frá september 2012 til ágúst 2013 hefur 79.351 mynd verið skönnuð og 58.772 myndir verið skráðar.

Yfirlit yfir stöðu verkefnisins og verkáætlanir á hverju safni fyrir sig er að finna hér fyrir neðan. Neðangreind tölfræði er miðuð við stöðuna 1. september 2013.

A) Héraðsskjalasafn Austfirðinga:

Í verkáætlun fyrir árið 2013 var gert ráð fyrir því að í lok árs verði alls 50.000 myndir skannaðar og skráðar upplýsingar um 45.000 skráðar, en vegna vefsíðugerðar var gert ráð fyrir að afköst við skráningu og skönnun yrðu ekki þau sömu á þessu ári og hafa verið undanfarin tvö ár.

Fyrrgreint markmið hafði engu að síður náðst strax í ágústlok: Á árinu 2013 hafa verið skannaðar 8.953 myndir og skráðar upplýsingar um 7.351 mynd. Heildarfjöldi skannaðra mynda er því orðinn 51.981 og skráðar hafa verið upplýsingar um alls 48.393 myndir.

Myndasafn	**Safnmark**	**Skannað**	**Skráð**
Austri	Austri + númer	26.321	26.321
Sigurður Aðalsteinsson	SigA + númer	7.259	7.259
Anna Ingólfsdóttir	Mbl + númer	4.106	4.106
UÍA myndir	UIA + númer	4.008	500
Einar Vilhjálmsson	EIV + númer	2.638	2.368
Guðmundur R. Jóhannsson	GJ + númer	1.228	1.228
Fljótsdalshérað	Fljóher + númer	1.142	1.142
Önnur smærri söfn	Mynd + númer	5.279	5.199
Samtals:		**51.981**	**48.393**

Kjörfundur við sveitarstjórnarkosningar á Sauðárkróki 1954. Fulltrúar framboða sitja við borð en nokkrir drengir fyrir framan höfðu það hlutverk að hlaupa með lista á skrifstofur flokkana. Ljósmyndari: Kristján C. Magnússon, KCM 172.

B) Héraðsskjalasafn Árnesinga:

Við gerð verkáætlunar fyrir árið 2013 var gert ráð fyrir því að heildarfjöldi skannaðra mynda yrði um 73.000 myndir og skráðar yrðu upplýsingar um 45.000 myndir í lok ársins. Fyrirhugað var að birta 15.000 nýjar myndir á myndasetur.is, en samanlagður fjöldi mynda á vefsíðunni yrði þá orðinn 60.000.

1. september 2013 hafa tæplega 69.000 myndir verið skannaðar en rúmlega 48.000 myndir eru skráðar. Á síðasta ársfjórðungi verður megin áhersla lögð á frekari birtingu mynda á myndasetur.is auk skönnunar og skráningar.

Myndasafn	Safnmark	Skannað	Skráð
Tómas Jónsson	TJ + númer	12.416	7.677
Sigurður Jónsson	SJ + númer	15.576	12.423
Jóhann Þór Sigurbergsson	JÞS + númer	8.164	4.928
Ottó Eyfjörð	OE + númer	8.671	8.195
Herbert Gränz	HG + númer	2.107	2.032
Gunnar Gränz	GG + númer	2.497	2.179
Önnur smærri söfn		19.268	10.667
Samtals:		**68.699**	**48.101**

C) Héraðsskjalasafn Skagfirðinga:

Í verkáætlun fyrir árið 2013 var gert ráð fyrir því að heildarfjöldi skannaðra mynda yrði orðinn 75.000 myndir og skráðar yrðu upplýsingar um 45.000 myndir í lok ársins. Þá var gert ráð fyrir að 25.000 myndir yrðu birtar á vef safnsins.

Grjótflutningar í Breiðdal. Bíllinn var kallaður Gay Uixen en eigandi hans var Kristinn Helgason Stöðvarfirði. Úr safni Herborgar Þórðardóttur. Ljósmyndari óþekktur.

Þegar þetta er ritað undir lok ágústmánaðar 2013 hafa um 74.000 myndir verið skannaðar og skráðar hafa verið upplýsingar um 44.000 myndir. Jafnframt hafa 14.000 myndir verið birtar á vef safnsins www.skagafjordur.is/myndir. Megin áhersla á síðustu mánuðum ársins 2013 verður lögð á birtingu mynda og því eru allar líkur á að markmið fyrir árið náist.

Myndasafn	**Safnmark**	**Skannað**	**Skráð**
Mannamyndasafn	HSk.	29.000	21.800
Páll Jónsson	PS	9.200	6.782
Byggðasaga Skagafjarðar	BSS + númer	3.761	1.100
Fréttablaðið Feykir	FEY + númer	7.168	5.319
Björn Jónsson	BJ + númer	7.660	0
Kristján C. Magnússon	KCM + númer	1.942	650
Guðmundur Sæmundsson	GS + númer	3.785	0
Önnur smærri söfn		10.702	6.950
Samtals:		74.724	44.106

Skönnun ljósmynda – gæði skönnunar og litgreiningar

Í upphafi verkefnisins var ákveðið að samræma verkferla við skönnun, litgreiningu og skráningu á skjalasöfnunum þremur. Myndir eru skannaðar inn í 300 punkta upplausn í stærðinni 210 x 297 mm (*A4). Skráarformið er Tiff og eru allar myndir varðveittar á því formi. Tiff er kerfisóháð skráarfom og þjappar ekki myndum eins og JPEG eða JPEG–2000 gera.

- Þá var tryggt að tækjakostur stæðist bæði kröfur um gæði og afköst auk þess að geta skannað allar filmustærðir (s.s. 35 mm, 6x6 cm, 6x9 cm) og litskyggnur auk pappírskópía.

Endingartími ljósmynda ræðst af þrennu: Varðveisluaðstæðum, meðhöndlun þeirra og sjálfu efninu, þ.e. stöðugleika þess. Ljósmyndaefnin skiptast í grunnefni, ljósnæm efni, lífræn litarefni og bindiefni. Grunnefnið í stærstum hluta þeirra ljósmyndasafna sem afhent hafa verið á skjalasöfnin er úr plasti (sellulósanítrati og sellulósaasetati). Þá eru þar pappírskópíur og öll söfnin eiga einnig eitthvað af glerplötum. Lífræn litarefni hafa tilhneygingu til að upplitast, jafnvel í myrkri. Litir endast misvel og lita-jafnvægi raskast, og myndir verða oft rauðleitar/bláleitar með tímanum, en almennur geymslutími filma er um 40 ár.

Í skjalasöfnunum er leitast við að hægja á þessu ferli með ýmsum ráðum. Skönnun og litgreining er m.a. framkvæmd til að bjarga myndum sem annars eyðileggjast á næstu árum. Filmur eru varðveittar í sýrulausum umbúðum í öskjum og við jafnt hita- og rakastig. Við skönnun eru filmurnar litgreindar og þá eru ryk og önnur óhreinindi á filmunum fjarlægð. Eiginleg myndvinnsla er í lámarki, þ.e. vinna í Photoshop enda er hægt að vinna að því verkefni síðar ef nauðsynlegt þykir.

Skráning ljósmynda – rannsóknar- og heimildavinna – samtal við við íbúa

Verkferlar við skráningu á ljósmyndum voru strax í upphafi verkefnisins samræmdir. Haldnir voru samráðsfundir þar sem farið var yfir hvaða upplýsingar ættu að koma fram við skráningu og var skráningarviðmót samræmt eins og kostur var. Á árinu 2013 hefur verið farið yfir þessa ferla til að skoða hvort og með hvaða hætti hægt sé að bæta skráningu ljósmynda enn frekar.

Upplýsingar sem koma fram við skráningu eru m.a. safnmark, heiti ljósmyndara, myndatexti með upplýsingum um myndefni, fæðingar- og dánarár (og ítarupplýsingar þegar við á), tímasetning myndar, heimildarmaður, heimild, skrásetjari o.s.frv. Margvíslegar ítarupplýsingar eru settar inn, t.a.m. upplýsingar um stað, sveitarfélag og sýslu, tegund myndar auk leitarorða. Staðlaður atriðisorðalisti sem skipt er í yfir- og undirflokka er einnig notaður. Við skráningu er horft sérstaklega til leitar og reynt að tryggja að leit þurfi hvorki að vera of víðtæk eða sértæk til að skila tilætluðum árangri.

Vinnu vegna skráningar ljósmyndanna má skipta annars vegar í samtal við íbúa og hins vegar í rannsóknar- og heimildavinnu starfsmanna safnanna. Nálægð safnanna við íbúana hefur haft mikið að segja við þessa vinnu og aukið enn frekar á tengsl þeirra við söfnin – þ.e. fjölgað heimsóknum og sýnt bæði íbúum og sveitarfélögunum fram á menningarlegt mikilvægi safnanna. Sú staðreynd að verkefnið er unnið á staðnum, þ.e. skjalasöfnin taka hvert um sig við ljósmyndum af starfssvæðum sínum og fá síðan liðsinni ljósmyndaranna sjálfra, ættingja þeirra auk annarra áhugasamra íbúa hefur ekki aðeins orðið til þessa að einfalda alla vinnu við skráningu, heldur má fullyrða að góð skráning sé aðeins möguleg með þessum hætti. Öll vinna þessara einstaklinga er unnin í sjálfboðastarfi og ber að þakka öllum þeim sem hafa lagt söfnunum lið fyrir ómetanlegt starf.

Gunnar Einarsson, Garðar Einarsson, Tómas Jónsson og Guðlaug Jóna Helgadóttir við skráningu á ljósmyndum úr safni Tómasar og Jóhanns Þórs Sigurbergssonar á Héraðsskjalasafni Árnesinga.

- Á þessum tæpu þremur árum sem unnið hefur verið að verkefninu hefur á hverju safni myndast fastur kjarni vildarvina þess, sem koma að skráningu. Sumir þessara einstaklinga eru jafnvel daglegir gestir á skjalasöfnunum, en aðrir koma sjaldnar. Þá eru enn aðrir kallaðir til reglulega til að fara yfir ljósmyndir.

Skjalasöfnin þrjú hafa leitað ýmissa leiða til að sýna myndirnar og fá upplýsingar, s.s. með sérstökum ljósmyndasýningum þar sem gestir eru beðnir um að aðstoða við að nafngreina fólk og greina frá viðburðum. Einnig hafa söfnin nýtt sér héraðsfréttablöð, samfélagsmiðla og vefsíður til að afla frekari upplýsinga.

Rannsóknar- og heimildavinna er í höndum starfsmanna skjalasafnanna. Ýmis uppsláttarrit, héraðsrit, tímarit og dagblöð eru notuð til að staðfesta þær upplýsingar sem koma fram hjá heimildamönnum. Þekking starfsmanna og heimamanna nýtist hér aftur og einfaldar og gerir skráningu ljósmyndanna fljótlegri og ódýrari en ella. Loks hefur fólk víðsvegar af landinu lagt starfsfólki safnanna lið við skráningu.

Við skráningu ljósmyndanna hefur einnig komið í ljós hversu mikilvægt það er að þessi vinna sé unnin nú. Stór hluti myndasafna sem geymd eru í héraðsskjalasöfnunum eru frá tímabilinu 1930–1960 og fer því fólki ört fækkandi sem getur þekkt myndefni frá þeim tíma. Því hafa söfnin hvatt eigendur ljósmynda almennt til að leita allra leiða til að ná fram upplýsingum um myndefni, því hér er um að ræða kapphlaup við tímann.

Miðlun og kynning

Miklu skiptir að ljósmyndasöfn sé ekki eingöngu afhent skjalasöfnunum til vörslu, heldur að þau séu kynnt og gerð aðgengileg almenningi. Það sem af er þessu árið hafa söfnin þrjú lagt mikið upp úr miðlunarþættinum og viðtökur við kynningu á þessu efni hafa verið með þeim hætti að ljóst er að almenningur hefur mikinn áhuga á ljósmyndum.

Björg Sveinsdóttir f. 1913, Viðivallagerði í Fljótsdal. Úr safni Margrétar Sigurðardóttur. Ljósmyndari óþekktur.

Starfsfólk Héraðsskjalasafns Austfirðinga hefur reglulega sett myndasýningar á vef sinn heraust.is, nú síðast gamlar myndir frá Ormsteiti í tilefni af 20 ára afmæli héraðshátíðarinnar. Mikið er leitað til safnsins um að fá myndefni fyrir útgáfu rita um menn og málefni á Austurlandi.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga stefnir á að opna tilraunaútgáfu af ljósmyndavef fyrir árslok. Ákveðin myndasöfn verða valin til birtingar og tilteknir einstaklingar fengnir til að skoða vefinn og koma með ábendingar um það sem betur má fara. Eftir tilraunaopnun verður vefurinn opnaður formlega á fyrri hluta ársins 2014. Þá verða birt öll þau ljósmyndasöfn sem hafa verið skráð og skönnuð og birta má í samræmi við höfundaréttarákvæði.

Aðventusýning Héraðsskjalasafns Árnesinga vekur jafnan eftirtekt, en sýningin er útisýning fyrir utan Ráðhús Árborgar. Samhliða opnun aðventusýningarinnar var tilraunaútgáfa af myndavef safnsins opnuð 1. desember 2012. Í lok janúar var vefurinn endurbættur og kynntur almenningi og á *Vori í Árborg* 10. maí var vefurinn www.myndasetur.is svo opnaður formlega í hátíðarsal Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Í upphafi var ákveðið að láta um 45.000 myndir, bæði skráðar og óskráðar á vefinn.

- Mikil aðsókn hefur verið að vefnum allt frá byrjun, og aðilar í ferðaþjónustu á Suðurlandi hafa í sumar nýtt sér vefinn með ýmsum hætti. Í Tryggvaskála á Selfossi er einnig til sýnis fjöldi ljósmynda frá safninu og fleiri ferðaþjónustuaðilar og veitingahús eru nú að setja upp ljósmyndir frá safninu.

Starfsmenn Héraðsskjalasafns Árnesinga héldu áfram að hanna myndaskilti í samvinnu við sveitarfélagið Árborg sem sett voru upp bæði á Selfossi og Eyrarbakka, og einnig sérstaklega fyrir landsmót UMFÍ, *Sumar á Selfossi* og *Aldamótahátíð á Eyrarbakka*. Framhald mun verða á þessari vinnu á næsta ári. Sveitarfélög utan starfssvæðis safnsins hafa einnig leitað til þess vegna ljósmynda sem nú eru í vörslu

Löndun á Sauðárkróksbryggju um 1960. Ljósmyndari Kristján C. Magnússon.

safnsins, t.a.m. Rangárþing eystra, en á 80 ára afmæli Hvolsvallar 1. september voru sýndar myndir úr safni Ottós Eyfjörð o.fl. ljósmyndara á Hvolsvelli. Héraðsskjalasafn Árnesinga mun einnig taka þátt í *Safnahelginni á Suðurlandi* 1-3 nóvember þar sem ljósmyndir verða til sýnis, og er ætlunin að setja um 15.000 ljósmyndir til viðbótar á myndasetur.is þá helgi.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga reið á vaðið með opnun ljósmyndavefs á vordögum 2012 og er nú unnið að því að bæta við myndum á vefinn www.skagafjordur.is/myndir. Um er að ræða gerbyltingu þegar kemur að aðgengi almennings að ljósmyndum safnsins. Mikil ánægja er meðal heimamanna með ljósmyndavefinn og þá er ljóst að hann nýtist ekki síður þeim sem eiga langt að sækja, m.a. vegna þess að brottfluttir Skagfirðingar geta nú aðstoðað við skráningu á ljósmyndum. Vefurinn er enn í þróun m.t.t. þess að bæta aðgengi enn frekar, einfalda leit í einstökum myndasöfn og/eða þvert á fleiri söfn.

Í tilefni af Sæluviku Skagfirðinga 2013 var opnuð viðamikil sýning á ljósmyndum Kristjáns C. Magnússonar en hann var virkur áhugaljósmyndari á Sauðárkróki um miðja 20. öld. Um 2000 manns sáu sýninguna sem var opin allt sumarið.

Í dag standa 18 sveitarfélög að rekstri þessara þriggja safna. Skjalasöfnin hafa hvert á sínu svæði samið við stærstu sveitarfélögin um aðkomu þeirra að verkefninu, og frá upphafi þess hafa söfnin reynt að tryggja að allir þeir sem koma að verkefninu séu upplýstir um stöðu þess.

Á fræðslufundi héraðsskjalavarða og á samráðsfundi í Þjóðskjalasafni héldu forsvarsmenn verkefnisins erindi þar sem fjallað var um helstu þætti ljósmyndaskönnunar og skráningar þar sem lögð áhersla á að kynna þær aðferðir og staðla sem notuð eru við þetta verkefni.

Ljóst er að aðgengi sveitarfélaga, ferðaþjónustuaðila og almennings að öflugum myndabanka getur bætt enn frekar alla markaðssetningu á menningartengdri ferða-

þjónustu og upplifun hvers og eins af umhverfinu. Ljósmyndasöfn héraðsskjalasafnanna gefa almenningi tækifæri á að tengja saman svipmyndir fortíðar við nútímann, hvort heldur það er gert með söguskiltum, aðgengi að myndum á vefsíðum eða í smáforritum. Það skiptir miklu máli að geta bætt leitarbærni á vefsíðum safnanna og í söfnunum sjálfum enn frekar og það er eitt af meginmarkmiðum verkefnisins á þessu ári.

Framtíð verkefnisins - lok

Áætlað er að á skjalasöfnunum þremur séu um 425.000 ljósmyndir varðveittar, en þessum myndum fjölgar ár frá ári og hefur verkefnið sjálft orðið til þess að sífellt fleiri láta söfnunum í té myndefni. Ekki er ólíklegt að þessi safnauki nemi a.m.k. 20.000 myndum á ári.

Allt frá byrjun hefur verið ljóst að ekki er hægt að skanna inn allar þessar myndir, enda er nauðsynlegt að yfirfara söfnin og vega og meta menningarsögulegt gildi ljósmyndanna í því samhengi. Söfnin stefna að því að þessu átaksverkefni ljúki árið 2015, þ.e. að í lok þess árs sé að mestu búið að skanna, skrá og ganga frá til varanlegrar varðveislu þeim hluta þeirra ljósmynda sem eru í vörslu safnanna sem veruleg ástæða er talin til að varðveita til framtíðar. Þá verði stór hluti þessara mynda birtur á leitarbærum vefsíðum.

- Þessi áætlun er að sjálfsögðu byggð á væntingum um að nauðsynlegt fjármagn fáist áfram til verkefnisins.

Á árinu 2014 verða héraðsskjalasöfnin þrjú öll búin að opna ljósmyndavef þar sem nýjum myndasöfnum verður smám saman bætt við þegar þau hafa verið skönnuð og skráð. Skráningarupplýsingar um myndir sem eru þegar komnar á myndavefina verða gerðar ítarlegri eftir því sem ábendingar frá almenningi berast.

Víða um land er unnið að skönnun og skráningu ljósmynda og er mikilvægt að um slíka vinnu sé sem víðtækast samstarf. Fyrst og fremst er mikilvægt að myndir séu skráðar eftir ákveðnum stöðlum og að upplýsingar um þær séu birtar með samræmdum hætti. Ljósmynda- og minjasöfn hafa ýmist verið skráð í heimatilbúin kerfi (File-Maker), sérkeypt kerfi (t.d. FotoStation) eða gagnasöfn á landsvísu (Sarpur).

Mikilvægt er að koma á samvinnu um að birta upplýsingar um öll ljósmyndasöfn í sameiginlegri leitarvél s.s. www.leitir.is. Héraðsskjalasöfnin þrjú hafa nú þegar leitað samstarfs við Landskerfi bókasafna um að birta upplýsingar um ljósmyndasöfn sín á vefnum www. leitir.is. Endanlegt markmið væri að hægt sé að leita á einum stað að myndefni, óháð staðsetningu frumeintaksins. Slíkt gæfi áður óþekkta möguleika á nýtingu ljósmynda til rannsókna á sögu og menningu þjóðarinnar.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið fjallað um ýmsa þætti þessa samstarfsverkefnis þriggja héraðsskjalasafna um skönnun, skráningu og birtingu á ljósmyndum. Verkefnið hefur sannað gildi sitt á margvíslegan hátt og því er mikilvægt að því verði fram haldið og

Eitt af myndaskiltunum sem sett voru upp á *Sumar á Selfossi* 7. - 11. ágúst í miðbæjargarðinum, Sigtúnsgarðinum. Skiltin eru 150 x 180 sm.

það leitt til lykta í samræmi við áætlanir. Verkefnið hefur leitt af sér mikla þekkingu sem forsvarsmenn þess hafa reynt að miðla til annara safna. Er æskilegt að áður en verkefninu lýkur verði unnin ítarleg skýrsla um baksvið þess, framkvæmd og árangur, ekki síst til að geta miðlað þeim upplýsingum til annarra, sem hyggja á sambærileg vinnu.

Það er mikilvægt að nýta þann mannauð, þekkingu og reynslu sem orðið hefur til í tengslum við ljósmyndaverkefnið. Verkefnið hefur vakið mikinn áhuga fólks í samfélaginu og með opnun myndavefjanna hefur orðið vart við aukinn velvilja fólks í garð verkefnisins, m.a. fólks sem er reiðubúið að leggja sitt af mörkum svo skráning mynda séu sem best og nákvæmust. Söfnin munu við framhald verkefnisins halda áfram að njóta velvilja þeirra sem afhenda gamlar sem nýjar myndir til varðveislu, og aukin kynning á myndavefjum safnanna verður vonandi til þess að yngri kynslóðir verði meðvitaðri um gildi þess að varðveita söguleg gögn. Ljósmyndasöfnin munu nýtast til fróðleiks og rannsókna á mannlífi og menningu landsins.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Héraðsskjalasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga þakka þann fjárhagslega stuðning sem verkefnið hefur fengið á undanförnum árum. Án stuðning ríkisins og sveitarfélaga hefði verkefnið augljóslega ekki verið framkvæmanlegt. Þá er ástæða til að þakka þeim fjölmörgu sem hafa lagt lið við að bera kennsl á myndefni og hafa stutt verkefnið með ráðum og dáð.

Vinnuvél skýlir gestum sem skoða virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka árið 2004. Úr mynda safni Fljótsdalshéraðs. Ljósmyndari óþekktur.

Viðgerð á brúargólfi Ölfusárbrúar um 1970. Verslanir Kaupfélags Árnesinga og Kaupfélags Hafnar í bakgrunni. Ljósmyndari Tómas Jónsson 2011/14_TJ_01767.